

Doktorsvörn í hjúkrunarfræði



Dr. Rannveig Jóna Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur.

Í desember sl. fór fram doktorsvörn Rannveigar Jónu Jónasdóttur í hjúkrunarfræði og heilbrigðisvísindum við Hjúkrunarfræðideild og Læknadeild.

Ritgerð Rannveigar fjallar um sjúklinga eftir útskrift af gjörgæsludeild og ber heitið: „*Þróun skipulagðrar, hjúkrunarstýrðrar eftirgæslu til sjúklinga eftir útskrift af gjörgæsludeild og prófun á áhrifum hennar. Development of a structured nurse-led follow-up for patients after discharge from the intensive care unit and testing of its effectiveness.*“

Ágrip af rannsókninni

Prófuð var meðferð, byggð á samþættu, kerfisbundnu yfirliti. Meðferðin var skipulögð, hjúkrunarstýrð eftirgæsla og fólst í reglubundnu eftirliti gjörgæsluhjúkrunarfræðinga með sjúklingunum í þrjá mánuði eftir að þeir útskrifuðust af gjörgæsludeild.

Prófuð voru áhrif meðferðarinnar á líkamlegt og sálrænt heilsufar sjúklinganna samanborið við sjúklinga sem fengu hefðbundna þjónustu. Rannsóknin var framsýn samanburðarrannsókn og rannsóknaraðferðir megindlegar. Almenn líkamlegt og sálrænt heilsufar sjúklinganna var mælt frá því fyrir innlögn á gjörgæsludeild, við útskrift af legudeild og þremur, sex og tólf mánuðum eftir útskrift af gjörgæsludeild. Því til viðbótar voru mæld einkenni kvíða, þunglyndis og áfallastreituröskunar frá útskrift af legudeild að tólf mánuðum eftir útskrift af gjörgæsludeild.

Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna engin áhrif skipulagðrar, hjúkrunarstýrðrar eftirgæslu á bætt líkamlegt og sálrænt heilsufar sjúklinganna fram yfir hefðbundna þjónustu. Hins vegar höfðu sjúklingar um einu ári síðar, í hvort tveggja tilraunahópi og samanburðarhópi, ekki náð samsvarandi heilsufari og þeir höfðu fyrir innlögn á gjörgæsludeild. Einkenni kvíða og þunglyndis voru fremur væg en sjúklingar úr báðum hópum höfðu einkenni áfallastreituröskunar frá þremur að tólf mánuðum eftir útskrift af gjörgæsludeild.

Sjúklingar sem lenda í bráðum og alvarlegum veikindum og lifa af gjörgæsludvölinna virðast glíma við langvarandi afleiðingar veikindanna og gjörgæslulegunnar á líkamlegt og sálrænt heilsufar sitt. Einkenni áfallastreituröskunar eru sláandi og langvarandi hjá þessum hópi sjúklinga. Frekari rannsóknir þarf til að þróa og mæla útkomu skipulagðrar og hjúkrunarstýrðrar eftirgæslu gjörgæslusjúklinga til að geta bætt líkamlegt og sálrænt heilsufar þeirra með markvissum aðgerðum.

Umsjónarkennarar og leiðbeinendur voru dr. Gísli H. Sigurðsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, og dr. Helga Jónsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Christina Jones, við Háskólann í Liverpool, og dr. Berglind Guðmundsdóttir, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands.

Andmælendur voru dr. Leanne Aitken, prófessor við Borgarháskólann í London, og dr. Páll Eyjólfur Ingvarsson, taugalæknir við Endurhæfingardeild LSH og klínískur dósent við Læknadeild Háskóla Íslands.